

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 91/2011**

2011/EES/54/33

**frá 19. júlí 2011**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2010 frá 2. júlí 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að halda áfram samstarfi samningsaðilanna í aðgerðum Sambandsins sem eru á almennum fjárlögum Sambandsins og varða framkvæmd, starfsemi og þróun innra markaðarins.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti haldið áfram eftir 31. desember 2010.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði 7. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað orðanna „fjárhagsárin 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2009 og 2010“ í 6. mgr. komi orðin „fjárhagsárin 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2009, 2010 og 2011“.
2. Í stað orðanna „fjárhagsárin 2006, 2007, 2008, 2009 og 2010“ í 7. mgr. komi orðin „fjárhagsárin 2006, 2007, 2008, 2009, 2010 og 2011“.
3. Í stað orðanna „fjárhagsárin 2008, 2009 og 2010“ í 8. mgr. komi orðin „fjárhagsárin 2008, 2009, 2010 og 2011“.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2011 að telja.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjóð. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 53, og EES-viðbætur við Stjóð. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 23.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.